

## Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulsþjóðgarðs

Áttundi fundur haldin 10. október 2023 kl. 14:30-15:30 í fjarfundi

Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndarsamtök) Þórður Runólfsson (ferðaþjónusta), Hákon Ásgeirsson og Þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð

Fjarverandi Iðunn Bragadóttir (Samút).

Farið var yfir starfsemi þjóðgarðsins, verkefni og starfsmannamál:

### 1. Starfið í sumar:

Fyrsta skiptið tvær gestastofur í rekstri yfir sumartímann, það dregur úr álagi á Malarrífi á háanna tíma sem er gott. Áskorun að manna tvær gestastofur.

Metfjöldi skemmtiferðaskipa komu á Snæfellsnes sem var mikil áskorun. Þegar skemmtiferðaskip var í höfn var starfsfólk þjóðgarðsins fyrst og fremst að þjónusta gesti, stýra umferð og sjá til þess að umferð um þjóðgarðinn gengi vel fyrir sig. Mjög mikill og oft á tíðum of mikill fjöldi gesta á Djúpalóni og Malarrífi. Fólk lennti í því að bíða í allt að klukkutíma eftir því að komast á salerni. Mikilvægt er að skipulagning ferða úr skemmtiferðaskipum sé dreift þannig að allar rútur séu ekki á sama stað á sama tíma.




Þegar mikill fjöldi gesta er í þjóðgarðinum eins og var í sumar, þá kemur fyrir að það verða slys á fólki og landverðir oftast en ekki fyrstir á vettvang. Mönnun í þjóðgarðinum er ekki næg til að bregðast við óvæntum atvikum á háannatíma.

Rætt var um takmörkun á fjölda gesta á þeim svæðum sem mesta álagið er í þeim tilgangi að bæði vernda náttúru og upplifun gesta á svæðunum. Það vantar rannsóknir á þolmörkum ferðamanna og einnig þolmörkum náttúru svo hægt sé að ákvarða fjölda fólks á hverjum stað á hverjum tíma. Ein leið með takmörkun er að vera með vel merkt bílastæði og þegar þau eru full að þá er ekki pláss fyrir fleiri. Einnig eru salerni takmarkandi þáttur, en þó er hægt að bæta við salernum miðað við þann fjölda sem áætlað er að komi á svæðin hverju sinni.

Umhverfisstofnun mun skoða gjaldtöku á bílastæðum og eru fulltrúar á funinum sammála að það verði gert. Það þarf að finna út hvaða kerfi virkar best.

Fræðsludagskrá og móttaka hópa var fjölbreytt í sumar. Daglegar fræðslugöngur voru frá Malarrífi í júní og júlí, barnastund alla fimmtudaga í Þjóðgarðsmiðstöðinni í júlí og ýmsar sér göngur og viðburðir sem boðið var upp á. Tæplega 400 gestir tóku þátt í viðburðum, fræðslugöngum eða voru hluti af hóp sem sérstaklega var tekið á móti í þjóðgarðinum.

## Tölulegar upplýsingar:



### 2. Framkvæmdir í sumar:

Djúpalón: Undirvinna nýs bílastæðis lokið og unnið að lagnavinnu og fluttning á salernum.

Malarrif: Úttekt og viðhald leiktækja í vinnslu

Stikun gönguleiða og lagfæringar á stikum langt komið

Áframhaldandi framkvæmdir við gönguleið milli Svalþúfu og Malarrifs

Fjölgun áningaborða á áningastaði.

### 3. Staða framkvæmda sem eru hafnar:

Unnið að deiliskipulagi á þrem stöðum: Malarrifi-svalþúfu-Vatnshellir, Öndverðanes-Skarðsvík-Skálasnagi og á Arnarstapa.

Vinna við skiltagerð á áningastaði innan þjóðgarðs og friðlýstra svæða er í fullum gangi og stefnt á að ljúki að vori 2024.

Viðhald og uppbygging göngustíga við Djúpalón, Dritvík, milli Svalþúfu og Malarrifs og á Búðum er í ferli og verður framhaldið í haust.

Rætt var um mikilvægi þess að bygging nýrra salerna við Djúpalón tefjist ekki. Koma þarf því í ferli sem fyrst og skoða hvaða leiðir eru í boði svo að nýtt salernishús rísi við Djúpalón árið 2024.

#### 4. Íbúðarúsið á Malarrífi:

Óskað hefur verið eftir því að FSRE láti ekki rífa íbúðarhúsið heldur verði reynt að gera við það vegna heildarminjasvæðis á Malarrífi, þ.e. bújörðin Malarrif með útihúsum, vélargeymslu, íbúðarhúsi og vita. Minjavörður mun skoða með þjóðgarðinum að kanna möguleika á að húsnæðið verði ekki rífið og verði nýtt fyrir starfsemi þjóðgarðsins.

#### 5. Starfið í vetur:

Gestastofa Malarrífi verður opin í allan vetur milli kl. 11-16, þjóðgarðsmiðstöð verður opin milli kl. 10 - 17.

Mörg verkefni bíða þess að farið verði í. Stefn er á að í vetur verði unnið áfram í textagerð fyrir skilti í þjóðgarðinum og fyrir friðlýstu svæðin. Unnið að fræðsluáætlun og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og friðlýstu svæðin. Kláruð verði vinna við nýja heimasíðu og farið í viðhald á gestastofunni á Malarrífi.

#### 6. Framkvæmdir næsta árs:

Unnið er að umsóknum í Landsáætlun um uppbyggingu innviða.

#### 7. Starfsmannamál:

Þörf er á að fjölga starfsfólki í þjóðgarðinum. Fjölga þarf bæði heilsárs starfsfólki og sumarlandvörðum til þess að geta sinnt starfsskyldum þjóðgarðsins og friðlýstu svæðanna. Fjölgun starfsfólks er til þess að geta sinnt betur; öryggi gesta, fræðslustarfi, eftirliti og viðhaldi innviða.

#### 8. Starfsemin í þjóðgarðsmiðstöðinni:

Veitingarekstur hófst í miðstöðinni í júlí og hefur það gengið vel.

Sýning í gestastofu – dómnefnd mun skera úr um hverjir munu sjá um hönnun sýningar, niðurstaða er að vænta í nóvember.

Kennslurými í þjóðgarðsmiðstöð mun fljótlega taka á sig mynd. Í nóvember er stefn á að setja upp harmoniku hurð sem stúkar af kennslustofu í opna rýminu.

Ýmiskonar lagfræingar og breytinga eru í vinnslu í þjóðgarðsmiðstöðinni.

#### 9. Merkingar við þjóðgarðsmiðstöðina.

Búið er að setja upp vegvísir við þjóðveg með upplýsingum um þjónustu sem er til staðar. Þjóðgarðurinn leggur til að tjaldsvæðisskilti við þjóðveg verði fært að innkeyrslu á tjaldsvæði. Unnið er að því að setja upp skilti sem banna næturgistingu á bílastæði við þjóðgarðsmiðstöð, en mikið er um það að gist er á bílastæðinu og salerni þjóðgarðsmiðstöðvar notaðar eftir að tjaldsvæði lokar 30. september. Þjóðgarðurinn telur þörf á að hafa tjaldsvæði í Snæfellsbæ opið allt árið þar sem eftirspurn er talsvert mikil. Einnig er mikilvægt að tjaldsvæðismerkið sé hulið eða sett á það einhvers konar lokunarmekri utan opnunartíma tjaldsvæðis á veturna.

Unnið er að hönnun merkingar á húsið sjálft og verður merki þjóðgarðsins þar í fyrirrúmi.

Reglulega kemur fyrir að fólk átti sig ekki á hvað er í húsnæði þjóðgarðsmiðstöðvar og því mikilvægt að merkja húsið og svæðið.

## 10. Önnur mál.

Erindi barst Umhverfisstofnunar um uppsetningu vindmylla á Gufuskálum innan Þjóðgarðs. Vindmyllugarðar innan Þjóðgarðs eru á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Lagt til að Sveitafélag og Þjóðgarðurinn móti stefnu um uppsetningu vindmylla innan Þjóðgarðs áður en ákvörðun verði tekin um framhaldið.

Mikilvægt er að skoða aðgengismál að Þjóðgarðsmiðstöðinni, sérstaklega fyrir fótgangandi. Funda þarf með Vegagerðinni varðandi þau mál og er í vinnslu að koma á fundi. Einnig þarf samhliða því að skoða að setja lýsingu með gönguleiðum að miðstöðinni.

Fundi slitið kl. 15:50